

Hafnarfjörður**Til sölu m.a.:****Kaldakinn**

2ja herb. íbúð á aðal hæð í tví-býlishúsi með bílskúr. Laus strax.

Móabará

5—6 herb. einb.hús að hluta á 2 hæðum 170 fm alls. Mikil útsýni.

Álfaskeið

5—6 herb. 130 fm endaíb. á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Bílskúr. Réttur.

Álftanes

5 herb., mjög vandað nýtt timburhús 220 fm á einni hæð. Bílskúr.

Mávahlíð — Rvk.

4ra—5 herb. 120 fm risibúð.

Álfaskeið

4ra—5 herb. íb. á 2. hæð í fjölbýlishúsi. Nýjar innr. og teppi. Bílskúr. Réttur.

Selvogsgata

4ra—5 herb. efri hæð í tvíbýlishúsi með bílskúr.

Öldutún

4ra herb. íbúð á jarðhæð í þrí-býlishúsi. Laus strax.

Hraunhvammur

3ja—4ra herb. efri hæð 96 fm. Laus strax.

Hólabraut

3ja—4ra herb. íbúð á neðri hæð. Allt sér. Bílskúr.

Grænakinn

3ja herb. risib. 90 fm. Sérinngr.

Miðvangur

3ja herb. endaíbúð á 5. hæð í háhýsi.

Selvogsgata

2ja herb. íb. á efri hæð í steinhúsi. Laus strax. Verð 1,3 millj.

Söluferðir í Hafnarfirði til sölu.**Fjöldi annarra eigna á söluskrá.****FASTEIGNASALA****Árna Gunnlaugssonar**

Austurgötu 10 — S: 50764

VALGEIR KRISTINSSON, HDL.

**Fer inn á lang
flest
heimili landsins!**

Morgunblaðið

Kvennalist

Myndlist

Valtýr Pétursson

Á Kjarvalsstöðum eru nú tvær sýningar og önnur þeirra er eingöngu kvennaverk en aðeins einn karlmaður á hinni. Það eru níu sýnendur í vestursalnum, og vinna þær í mismunandi efni. Þær mála, vinna skulptúr og teikna. Enda þótt þessar listakonur vinni í svo ólík efni, eru þær nokkuð á sömu bylgjulengd, hvað stíl og viðhorf snertir í listinni. Þær hafa allar gengið í læri hjá nútímakennurum og hyllast því meira og minna að þeim tilraunum, sem efst hafa verið á baugi undanfarið. Nútímamálverkið á sterk itök í þessum hópi, og er það mjög svo skiljanlegt.

Það er hressilegur blær yfir þessari sýningu í heild, og víða eru nokkuð snörp átök. Aðallega verður maður þessa var í litameðferð og ég held, að ekki sé ofsagt, að listakonurnar leggi mesta áherslu á litameðferð og minna á teikningu. Það má því draga þá ályktun af þessum verkum, að málverkið sjálft sé í brennidepli hjá þessum hópi, ef svo mætti að orði kveða.

Tvær af þessum konum hafa nýlega haldið einkasýningu á verkum sínum í Listmunahúsinu við Lækjargötu, og ein hélt sýningu í Nýlistasafninu ekki fyrir löngu. Þarna er því ekki nýgræðingur á ferð í myndlist. Allur er

þessi hópur vel skólaður bæði hér heima og erlendis, og því ætti að vera kominn nokkuð fastur svipur á hverja listaconu fyrir sig.

Erla Þórarinsdóttir sýnir aðallega krítarmyndir og eru þær til orðnar vítt og breitt. Sumar frá París, aðrar frá New York og fleiri stöðum. Hún hefur þróttmikla litameðferð, en teikning hennar er langt frá því að vera markviss. Ragna St. Ingadóttir vinnur með akryl á pappír og er nokkuð snöggsóðin í litameðferð sinni, en það er djarflega unnið og nokkur spennu í myndum hennar. Jóhanna Kristín Yngvadóttir, sem hélt glæsilega sýningu í Listmunahúsinu í vetur er leið, á þarna nokkur verk, sem því miður voru nokkuð þung í litnum fyrir minn smekk, en samt hafa þau vissa dulúðuga tilfinningu, sem er áhrifamikil og sannfærandi, en ekki sérlega upplifgandi. Ég verð að játa, að þessi verk ollu mér nokkrum vonbrigðum. Steinunn Þórarinsdóttir teiknar í steypuvír og sýnir enn einu sinni, að hún veit, hvað hún er að gera. Björg Órvar sýnir mikla litagleði, sem geislar af lífskrafti, og hún notar ágæt vinnubrögð við myndgerð sína. Hún kom mér sannarlega á óvart með þessum verkum. Sóley Eiríksdóttir vinnur í steinleir og portrett eru hennar viðfangs efni. Ásta Ríkhardsdóttir malar með olíulitum á striga, nokkuð hranaleg í litum en hressileg og



byggir verk sín á lógískan hátt. Harpa Björnsdóttir vakti athygli mína fyrir verk, sem unnin eru með blandaðri tækni og hafa til að bera mannlegar tilfinningar, sem speglast einna sterkast í mjúkum og fínlegum litum. Að endingu er það Guðný Björk Richard, sem sýnir myndröð, gerða með olíulitum á pappír.

Það er hressilegur blær yfir þessari sýningu, og þarna er margt að sjá. Það mætti eflaust finna ýmislegt athugavert við sum þessara verka, en látum það lönd og leið hér. Það eru listræn

átök í sumum þessara verka, önnur eru síðri, eins og svo oft vill verða, þegar fólk tekur sig saman og sýnir í stórum hópum. Það mætti vera meiri lífsreynsla í þessu samsafni, en hér eru ungar konur á ferð og hver veit nema tíð og tími eigi eftir að verða þeim sú uppákoma, sem dugar til að gera meiri og betri verk. Ég er ekki í neinum vafa um, að þarna eru hæfileikar á ferð, en það er gamla sagan, hlutirnir verða að þróast og taka á sig það snið, sem þroski á lista-brautinni einn getur mótað.

Valtýr Pétursson

Dönsk héraðsblöð hugleiða samstarf um útgáfu sunnudagsblaðs

TUTTUGU og tvö dönsk héraðsblöð munu taka um það lokaákvörðun í næsta mánuði, hvort þau ráðast í sameiginlega útgáfu sunnudagsblaðs, sem þá gæti orðið stærsta blað landsins með um 400.000 eintaka upplag, að sögn danska blaðsins Politiken.

Aðeins tvær af útgáfum fyrrnefndra blaða hafa sunnudagsblað fyrir, en áskrifendur allra blaðanna 22 eru samtals um 400.000 talsins.

Sunnudagsblað þetta gæti, ef af verður, verið komið á götuna þegar í haust. Um það verður tekin ákvörðun á fundi útgáfustjórnanna í septembermánuði, eins og fyrr var sagt.

Morgunblaðið

Áskriftarsímum er 8.3033

Vörn gegn sólbruna

MILOPA

Til sölu



Glæsilegt verslunar- iðnaðar- og skrifstofu- húsnaði að

Tryggvabraut 22, Akureyri.

	Gólfliötur	Lofthæð
Bakhús	315 fm	4,00 m
1. hæð	417 fm.	3,20 m
2. hæð	360 fm.	2,80 m
3. hæð	360 fm.	2,80 m

Valdemar Baldvinsson hf., Akureyri.

Upplýsingar:

Hólmgeir Valdimarsson	96-21344
Baldur Guðvinsson	96-21344
Baldvin Valdimarsson	91-78633